

Staða deildarstjóra

Sjúkratryggingadeildar laus

Umsóknir stilaðar á heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, ásamt upplýsingum um aldur, menntun og fyrri störf, sendist Tryggingastofnun ríkisins fyrir 23. október.

Staðan er laus frá 1. janúar n.k. Laun samkvæmt launakerfi opinberra starfsmanna. Forstjóri gefur nánari upplýsingar.

25. september 1975.

Tryggingastofnun ríkisins

Frá Hofi

Við eigum garn í öllum ljómandi litum regnbogans og væru þræðirnir tengdir saman næðu þeir yfir lönd og álfur. Komid og kaupid Hof

Þingholtsstræti



Útbod

Íbúðarhús

Tilboð óskast í að steypa upp og fullgera starfsmannahús fyrir nútæknideild á Hvanneyri í Borgarfirði. Húsinu skal skila fullgerðu 1. okt. 1976.

Útbodsgögn verða afhent á skrifstofu vorri Borgartúni 7, Reykjavík gegn 5.000 kr. skilatryggingu.

Tilboð verða opnuð á sama stað föstudaginn 17. október 1975 kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844



Útbod

Sjúkrahús í Keflavík

Tilboð óskast í að reisa og gera fohelda viðbyggingu við Sjúkrahúsið í Keflavík. Auk þess skal fullgera húsið að utan og ganga frá lóð.

Húsið skal vera fohelt fyrir árslok 1976, en verkinu ljúki að fullu fyrir 1. júlí 1977. Útbodsgögn verða afhent á skrifstofu vorri, Borgartúni 7, Reykjavík, gegn 10.000 kr. skilatryggingu.

Tilboð verða opnuð á sama stað, þriðjudaginn 21. okt. kl. 11.00.

INNKAUPASTOFNUN RÍKISINS

BORGARTÚNI 7 SÍMI 26844

„ÞJÓÐFÉLAGIÐ LÍTILSVIRÐIR VINNUFRAMLAG KVENNA“



Gerður Steinþórsdóttir. — Ljós: JIM

„Ef konur geta staðið saman um að leggja almennt niður vinnu þann 24. október, þá finna þær hve samtakamáttur þeirra er geysilegur. Slíkt gæti þjappað þeim betur saman um þau mál, sem eru brýnustu hagsmunamál þeirra.“ sagði Gerður Steinþórsdóttir, sem sæti á í framkvæmdanefnd kvennafrísins.

— Því miður virðist þjóðfélagið lítilsvirðir vinnuframlag kvenna og birtist þessi staðreynd í ýmsum myndum. M.a. er mismunur á meðaltækjum verkakvenna og verkakarla 30.000 á mánuði. — Vinnuframlag bændakvenna í búrekstri er metið til kr. 175.000 á ári. — Meðallaun kvenna við verzlunar- og skrifstofustörf eru aðeins 73% af meðallaunum karla við sömu störf. — Starfsreynsla húsmóður er einskis metin á vinnumarkaði. — Engin kona á sæti í aðalsamninganefnd Alþýðusambands Íslands og svona mætti lengi telja.

— Telur þú, að kvennafríð geti valdið miklu fjárhagslegu tjóni eða öðru tjóni?

— Nei, það tel ég ekki, sagði Gerður. — Sá ávinningur, sem konur geta haft af þessum aðgerðum í framtíðinni, vegur á móti því smátapi, sem getur orðið, ef konur leggja almennt niður vinnu.

Ef fríð væri til dæmis eina viku, þá mundu málin horfa öðruvísi við. En það er hægt að fresta ýmsum hlutum í einn dag, án þess að nokkur skaði hljóti þar af.

Karlmenn geta leyft sér að standa í verkfalli í einn eða tvo mánuði, er togarverkfallið í

vor dæmi um það. Hvað skapaðist mikið tjón af því?

— Geta allar starfstéttir tekið þátt í verkfallinu?

— Ýmsir starfshópar, þar á meðal hjúkrunarkonur og ljósmæður, verða sjálfar að veða og meta, hvað þær ætla að gera í þessu sambandi. Og mæður með stóran barnahóp á unga aldri verða auðvitað að ihuga allar aðstæður vel. En eiga þessi börn líka feður? Eg tel, að feðurnir verði að leggja niður vinnu þennan dag og taka við hlutverki húsmóðurinnar. Þeir gætu gert ýmislegt til að létta sér þennan dag, til dæmis gætu þeir hagað því þannig, að nokkrir karlmenn tækju að sér hóp barna, o.s.frv. — En er það ekki grátbroslegt, að starfstétt eins og hjúkrunarkonur, sem geta ekki tekið sér frí í einn dag allar saman án þess að allt sjúkrahúskerfið fari úr skorðum að meira eða minna leyti skuli fá láglaunabætur?

— Er það ekki skortur á samstöðu þessara kvenna, sem veldur lágum launum þeirra?

— Hvernig hyggist þið skipuleggja dagskrána 24. október?

— Hér í Reykjavík verðum við með fund niðri í miðbæ þar verða flutt stutt ávörp. Einnig verður söngur og önnur skemmtatriði tengd þessu málefni.

Annars eru hugmyndir um dagskrá fundarins ennþá á byrjunarstigi.

Við hyggjumst einnig hafa „opið hús“. Í því skyni munum við leigja sali herna í borginni, þar sem konur geta komið eftir fundinn og fengið sér kaffisopa og ræðt við um þessi mál og önnur.

— Hvernig þessum málum verður hagað úti á landi, hefur ekki ennþá verið ákveðið, sagði Gerður.

— rætt við Gerði Steinþórsdóttur, sem á sæti í framkvæmdanefnd um kvennafrí

— Hvernig verður kynningarstarfsemi háttáð?

— Sérstakur starfshópur, sem sér um kynningar á þessum degi, starfar ótullega. Nú þegar hefur hann látið prenta dreifibréf, sem sent verður á vinnustaði og heimili úti um allt land.

Einnig er fólk úr starfshópunum tilbúið að koma á vinnustaði og í félög, til að kynna starfsemina nánar, ef þess er óskað.

Fjáröflun

— Fjáröflunarmálin eru ennþá á frumstigi. Þó hafa ákveðin félög lofað fjárstuðningi. Einnig tókum við á móti frjálsum framlögum. Við ætlum að hafa merkjasölu og selja plaköt, sem við látum gera í tilefni þessa dags.

Ekki hefur enn verið rætt um það, hvort við förum fram á fjárframlög frá hinu opinbera.

Mikil samstaða hefur náðst nú þegar.

Fulltrúar frá u.þ.b. 50 félögum í Reykjavík og nágrenni standa að samstarfsnefnd um framkvæmd kvennafrísins 24. október.

Aðild að nefndinni eiga stéttarfélag, stjórnmalafélag, kvenfélag og aðrir áhuga- og hagsmunahópar.

Kannanir hafa verið gerðar á ýmsum vinnustöðum, eins og í ríkisbönkunum, deildum innan Sambands íslenskra samvinnufélaga og annarra stórra fyrirtækja.

Niðurstæða þessara kannana varð sú, að 80–100% kvennanna styðja nú þegar þessar aðgerðir.

Vilja fá konur til að vinna í starfshópum um þessi mál.

— Að undirbúningi þessa dags vinna fimm starfshópar að mismunandi verkefnum.

Einn starfshópurinn sér um að kynna frídaginn á vinnustöðum og almenningi yfirleitt.

Annar sér um að fóbna fjölmiðla á upplýsingum um kvennafríð og auglýsa það á annan hátt.

Þriðji sér um að ná til fólksins úti á landsbyggðinni. Sá fjórði sér sérstaklega um fundinn. Fimmti starfshópurinn vinnur að fjáröflun, sagði Gerður.

Þær konur, sem hafa áhuga á að starfa í einhverjum þessara starfshópa, geta hringt í síma 18156.

Í dreifibréfi, sem framkvæmdanefnd um kvennafrí lét frá sér fara á dögnum, segir: Sameinumst um að gera 24. október að eftirminnilegum baráttu- og sameiningardegi undir kjörörðum kvennaárs Sameinuðu þjóðanna:

JAFNRÆTTI — FRAMÞROUN — FRÍÐUR.

HE.